

Nd.

## 871. Nefndarálit

[8. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út fyrir rétt tæpu ári, þann 27. maí 1983. Enn þá einu sinni stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut. Sem dæmi má nefna að af þeim næstum 600 milljónum, sem áætlað er að innheimtist í gengismun, samkv. 3. gr. frumvarpsins, er einungis eftir að greiða út tæpar 115 milljónir.

Í þessu frumvarpi skipta tvö atriði mestu máli, þ. e. kostnaðarhlutur útgerðar og upptaka gengismunar. Varðandi fyrri atriðið má m. a. vísa á ályktanir Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem eru prentaðar sem fylgiskjöl með álitni minni hl. sjávarútvegsnefndar Ed. (þskj. 587). Þar er bent á að ákvæði frumvarpsins vega að frjálsum samningum og hlutaskiptakerfi. Er augljóst að tímabært er að taka launakerfi sjómanna til rækilegrar endurskoðunar.

Upptaka og ráðstöfun gengismunar er enn ein stjórnvaldsaðgerðin sem byggist á andlausum útkomum úr meðaltalsmaskínunum stjórnarráðanna en tekur ekkert tillit til raunverulegrar afkomu fólks eða fyrirtækja. Millifærslurnar flytja fé milli ýmissa greina sjávarútvegsins, fyrirtækja og landshluta, og verka oft til refsingar hjá vel reknum fyrirtækjum en til styrktar fyrirtækjum sem sýna lélega útkomu vegna óstjórnar og reiðileysis. Ágætt dæmi um fánýti þessarar stjórnunaraðferðar er upptaka gengismunar af skreið. Skreiðarverkun hefur átt mjög erfitt að undanfögnu vegna verðfalls, sölutregðu og seinkunar á greiðslum og taprekstur í greininni er verulegur. Engu að síður er áformað að innheimta næstum 200 milljónir í gengismun af skreið samkvæmt svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn um ráðstöfun gengismunar á þskj. 395 sem dreift var í mars s. 1. Ef markmiðið með upptöku gengismunar er að **styrkja rekstur** sjávarútvegs og ýmissa greina hans virðist fráleitt að **auka á taprekstur** skreiðarverkunar með aðgerðum af þessu tagi.

Vísað er til fylgiskjala með álitni minni hl. sjávarútvegsnefndar Ed. (þskj. 587) um afkomu skreiðarverkunar.

Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. til að frumvarpið verði fellt. Minni hl. stendur þó að breytingartillögu varðandi upptöku gengismunar af skreið í því skyni að lagfæra verstu agnúa 3. gr. frv.

Alþingi, 14. maí 1984.

Elsa Kristjánsdóttir,  
frsm.

Guðmundur Einarsson.